

Áfangalýsing: Heimspekikennsla leitast við að veita nemendum þekkingu, þjálfun og þor til að glíma á eigin spýtur við ýmis vandamál, bæði sígild og nútímaleg, á sviði þekkingarfræði, frumspeki, siðfræði, rökfræði, vísindakenninga og stjórnmálaspeki. Í þessum áfanga er lögð áhersla á ítarlegar pælingar og umræður um nokkur meginstef heimspekinnar frá tilurð hennar í Grikklandi um það bil 600 f. Kr. og fram á okkar daga, einkum á sviði frumspeki og þekkingarfræði. Höfuðsnillingar heimspekisögunnar verða í forgrunni. Meira er lagt upp úr nákvæmum skilningi á einstökum kenningum og frjóum samræðum en hundavaðsfróðleik og mikilli yfirferð. Engu að síður fái nemendur heildarsýn yfir útlínur heimspekisögunnar, samhengi og rof, frá upphafi til nútíma. Nemendur skrifa ritgerð í þessum áfanga og lesa auk þess texta valinna heimspekinga.

Áfangamarkmið: Nemandi

- þekki upphaf heimspeki og fræðilegra vísinda hjá jónísku náttúruspekingunum og átti sig á þeim breytingum í hugsunarhætti sem því fylgir.
- kynnist frumspeki og þekkingarfræðilegum viðhorfum forsókratískra heimspekinga og geri sér grein fyrir hughyggju og efnishyggju, rökhyggju og raunhyggju.
- kunni góð skil á Sókratesi, samræðuaðferð hans og deilum við sófista, algildishyggju og afstæðishyggju í siðferðisefnum.
- lesi verk eftir Platon og öðlist staðgóða þekkingu á heimspekikerfi hans og hugtökum.
- kynnist kenningum Aristótelesar og flokkunarkerfum, geti borið hann saman við Platon og greint hvað er líkt og hvað greinir að.
- kynnist hugmyndaheimi hellenismans; kýnisma, efahyggju, stóuspeki, epíkúrisma og nýplatonisma.
- þekki samband kristni og heimspeki á miðöldum og kynnist kenningum heilags Ágústínusar og Tómasar frá Akvínó um trú og skynsemi, sögu og sannindi og frumspekilega stöðu almennra hugtaka.
- geri sér grein fyrir breyttum viðhorfum og nýjungum í vísindum og pólitískri hugsun á nýjöld.
- þekki kenningar rökhyggjumanna: Descartes, Spinoza og Leibniz.
- þekki kenningar raunhyggjumanna: Locke, Berkeley og Hume.
- kynnist hugmyndaheimi upplýsingar og rómantikur.
- geri sér grein fyrir hinum “kóperníkónsku umskiftum” Kants á sviði þekkingarfræði og frumspeki og “skilyrðislausu skylduboðinu” í siðfræði hans.
- átti sig á söguspeki Hegels og gagnrýni Kierkegaards og Nietzsche á hefðbundna heimspeki.
- kunni skil á helstu straumum og stefnum í heimspeki 20. aldar.

Námsefni: *Veröld Sofflu*, eftir Jostein Gaarder. *Krítón*, eftir Platon (fæst í ljósriti á skrifstofu). Auk þess ýmislegt ljósritað efni og tímaglósur.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, verkefnavinna, umræður.

Ritgerð: Nemendur skrifa ritgerð á önninni. Tveir vinna saman að hverri ritgerð.

Skilafrestur: Mánudagur 19. mars.

Námsmat: Skriflegt lokapróf gildir 75% af einkunn; ritgerð og verkefni gilda 25%.

Lausleg kennsluáætlun:

- 1.-2. vika: Árdagar grískrar heimspeki.
- 3.-4. vika: Sókrates og Platon.
- 5. vika: Kríton.
- 6.-7 vika: Aristóteles.
- 8. vika: Hellenismi.
- 9. vika: Skólaspeki.
- 10. vika: Rökhyggja.
- 11.vika: Raunhyggja.
- 12. vika: Upplýsing.
- 13. vika: Þýska hughyggjan.
- 14. vika: Siðmenning og tilvist.
- 15. vika: Stefnur og straumar á 20 öld.

Með fyrirvara um breytingar.

Sigurður Ólafsson og Heimir Björnsson.

P.S. Vart þarf að taka það fram að kennarar gera þá kröfu til nemenda að þeir mæti **lesnir** í tíma og hafi auk þess námsbækur meðferðis!